

veita samþykki mitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá **128**
Dýrastöðum að prestsetrinu Hvammi, gegn því að hreppsnefndin annist um, að **2. desbr.**
til verði hæfilegt hús til þinghalds á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Samþykkt

129
28. nóvbr.

um

afnám fiskiveiðasamþykktar.

Sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir samkvæmt lögum **14.**
desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum
4. desember 1886, um breyting á fyrnefndum lögum, gjört eptirfylgjandi

Samþykkt

um

afnám samþykktar um notkun fiskilóðar í sunnanverðum Faxaflóa,
dags. 17. febr. 1897.

Samþykkt um notkun fiskilóðar í sunnanverðum Faxaflóa, dags. 17. febr.
1897, er hjermeð úr gildi numin.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirrituðum amtmanni, til
þess hún öðlist gildi þann dag, þegar 7 dagar eru liðnir frá þeim degi, er það
tölublað kemur út af Stjórnartíðindunum B, er samþykktin birtist í.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutadeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík 28. nóvbr. 1901.

J. Havsteen.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkj- **130**
um í Skagafjarðarsýslu, útgefn á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum **14. nóvbr.**
fyrir Ísland.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

Styrktarsjóð handa ekkjum í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist »Ekknasjóður hins skagfirzka kvenfjelags, og er stofn-
aður með 100 — eitt hundrað — krónu gjöf frá fjelaginu.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja bágstaddar ekkjur, sem eiga lögheimili í Skagafjarðarsýslu, og ekki þiggja styrk af sveitarsjóði, hvort sem þær hafa fyrir fjölskyldu að sjá eða eigi.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af stofnfjenu.
2. Samskot eða gjafir einstakra manna, sem vilja rjetta sjóðnum hjálparhönd.
3. Ágóði af hlutaveltum og þesskonar fyrirtækjum, er stofnuð kynnu að verða sjóðnum í hag
4. Allur sjóður »hins skagfirzka kvennfjelags«, sá, er verða kann til, ef fjelag þetta hættir að starfa undir því nafni eða fellur.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal leggja í Söfnunarsjóð Íslands og skal hann standa þar á vöxtum um aldur og æfi sem föst innstæða, er aldrei má skerða. Vextina skal alla leggja við innstæðuna, meðan þær ekki nema fullum 100 krónum á ári, en úr því skal 80 — áttatíu — krónum af vöxtunum árlega verja til styrkveitinga handa tveimur ekkjum, 40 krónur handa hvorri. Afgang vaxtanna skal eptir það leggja við innstæðuna, þangað til vextirnir nema fullum 205 krónum á ári, og skal þeim þá öllum, að undanskildum 5 krónum, sem leggjast við innstæðuna, varið til styrkveitinga, þannig, að 4 ekkjur njóti þeirra árlega, jafnmikiis hver.

5. gr.

Málefnum sjóðsins skal stjórnað af sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu, prófastinum í Skagafjarðarprófastsdæmi og prestinum í Saudárkróksprestakalli.

6. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi alla framkvæmd, fjárheimtu, styrkveitingar og reikningshald sjóðsins. Við lok hvers árs semur hún skýrslu um gjörðir sínar, og reikning um tekjur og gjöld sjóðsins. Skýrsu þessa ásamt reikningnum sendir hún sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu, er endurskoðar reikninginn og úrskurðar um þau atriði, er þörf krefur.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar.

Stjórnarnefnd hins skagfirzka kvennfjelags.

Saudárkrók 16. marz 1901.

Anna Claessen,

Ólöf Hallgrímsdóttir,

Líney Sigurjónsdóttir.